

Nd. 176. Tillaga til þingsályktunar

um mótmæli gegn hafnbannsyfirlýsingu Þjóðverja frá 25. marz 1941.

Flm.: Bergur Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina:

1. að mótmæla kröftuglega hafnbannsyfirlýsingu þeirri, sem þýzka útvarpið tilkynnti þriðjudaginn 25. marz síðastl. varðandi Ísland og Íslendinga og siglingar til og frá Íslandi.
2. að mótmælin samkvæmt 1. tölul. beinist gegn því:
 - a. að Ísland sé ófriðarsvæði;
 - b. að siglingar til og frá Íslandi séu á nokkurn hátt hindraðar, og
 - c. að Ísland sé kallað „dönsk eyja“ eða fullveldi landsins á annan hátt rengt.

Greinargerð.

Þýzka ríkisstjórnin lét tilkynna í þýzka útvarpið aftur og aftur þriðjudaginn 25. marz síðastl. eftirfarandi ákvörðun, að því er segir í Morgunblaðinu miðvikudaginn 26. marz síðastl.:

„Þýzka útvarpið tilkynnti í gærkvöldi í öllum útsendingum sínum, „að Ísland væri komið á ófriðarsvæðið“. Hefur hafnbannssvæðið umhverfis England, sem Þjóðverjar settu í fyrrasumar, verið stækkað, svo að Ísland er nú innan þess.

Hafnbannssvæðið nær alllangt norður fyrir Ísland og vestur á bóginn alla leið vestur að landhelgi Grænlands.

Tilkynning þýzka útvarpsins var á þessa leið, „að vegna hins ólögmeta hernáms Breta á dönsku eyjunni Íslandi, yrði ekki hjá því komið að láta ófriðarsvæðið ná yfir Ísland“.

Það hefur komið í ljós, „að brezkir hafnbannsbrjótur notuðu Ísland sem bæki-stöð“, og þess vegna yrði að færa út hernaðaraðgerðasvið Þjóðverja.

Síðan var skýrt frá takmörkum þessa nýja hernaðaraðgerðasviðs.

Var sagt vera þetta: Frá Belgiuströnd, þar sem 3. gráða austlægrar lengdar sker ströndina, að 62. gráðu norðlægrar breiddar, þaðan að 68. gráðu norðlægrar breiddar og 10. gráðu vestlægrar lengdar, þaðan eftir 68. gráðu vestur til Grænlands. Síðan frá 65. gráðu norðlægrar breiddar og 38. gráðu vestlægrar lengdar og til 45. gráðu norðlægrar breiddar og 20. gráðu vestlægrar lengdar.

Takmarkalínurnar eru þessar: Lengdarbaugurinn 3° austlægrar lengdar er frá Belgiuströnd skammt austan við England, og er hið auglýsta svæði takmarkað að austan með þeirri línu norður á móts við Færeyjar, en 62. breiddargráðan liggur um miðjar eyjarnar. Frá staðnum 3° austlægrar lengdar og 62° norðlægrar breiddar, sem er nálægt Noregsströnd, liggur takmarkalínan svo að 68. gráðu norðlægrar breiddar og 10. gráðu vestlægrar lengdar, og er sá staður alllangt norðaustur af Langanesi. Þaðan liggur takmarkalínan eftir 68. gráðu vestur af landhelgi Grænlands og fylgir henni suður til Angmagsalik. Þaðan liggur takmarkalínan að 45. gráðu norðlægrar breiddar og 20. gráðu vestlægrar lengdar, og er sá staður alllangt vestur í hafi, vestur af Biscayaflóa.

Eftir að hafa skýrt frá takmörkunum hins nýja hafnbannssvæðis gat þýzka útvarpið þess, að þann 17. ágúst 1940 hefði verið birt tilkynning um hafnbannssvæði umhverfis England. Hver sá, sem fari um þetta hafnbannssvæði, stofnaði sér í hættu. Nú, er Þjóðverjar hefðu stækkað þetta hernaðarsvæði, þá stofnuðu þau skip, sem færu um þetta svæði, sér í hættu, að þeim verði tortímt. Þýzkaland mun ekki telja sér skylt að bæta það tjón, sem skip þessi yrðu fyrir.“

Í Alþýðublaðinu sama dag stendur:

„Þýzka útvarpið tilkynnti hvað eftir annað í gærkvöldi, að hafnbannssvæðið, sem Þjóðverjar hefðu ákveðið umhverfis Bretlandseyjar í fyrrasumar, hefði nú verið stækkað og næði framvegis norður fyrir Ísland, að austan, þaðan vestur að landhelgi Grænlands og suður með henni til Angmagsalík, en frá þeim stað suður Atlantshaf fyrir vestan Ísland.

Þýzka útvarpið sagði, að hvert það skip, sem færi um þetta svæði, ætti á hættu, að það yrði skotið í kaf og Þýzkaland teldi sér ekki skylt að bæta það tjón, sem af því yrði.

Í tilkynningu útvarpsins var komizt svo að orði, að „vegna hins ólögmeta hernáms Breta á dönsku eyjunni Íslandi og vegna þess, að brezkir hafnbannsbrjótar notuðu Ísland sem bækistöð, yrði ekki hjá því komizt að láta ófriðarsvæðið ná yfir Ísland.“

Í dagblaðinu Vísi sama dag segir svo:

„Þýzka herstjórnin tilkynnti í gær, að hún hefði tekið ákvörðun um að færa út hafnbannssvæðið umhverfis Bretlandseyjar, sem tilkynning var birt um 17. ágúst í fyrra

Segir í hinni þýzku tilkynningu, að þar sem Bretar hafi brotið alþjóðalög og rétt með því að hernema „hina dönsku eyju Ísland“, hafi verið tekin ákvörðun um vikkun hafnbannssvæðisins. Nær það framvegis til hafsins umhverfis Ísland og nær hið allgera hafnbann á Bretlandseyjar einnig til hins nýja sjóhernaðarsvæðis.

Skip, sem inn á það fara, eiga á hættu að vera skotin í kaf og fara þangað á eigin ábyrgð, og tekur þýzka stjórnin enga ábyrgð á tjóni, sem af því kann að leiða.

Takmörk svæðisins eru:

Lengdarbaugur 3. gr. austlægrar lengdar frá því er hann sker Belgiuströnd og norður til 62. gr. norðlægrar breiddar, lína þaðan í norðvesturátt til 68. gr. norðlægrar breiddar og 10. gr. vestlægrar lengdar.

Breiddarbaugurinn 68. gr. norðlægrar breiddar vestur að þriggja mílna landhelgisbelti Grænlands.

Þaðan eftir landhelgislinunni til 65. gráðu norðlægrar breiddar, 38. gr. vestlægrar lengdar, lína frá þeim stað til 45. gr. norðlægrar breiddar, 20. gr. vestlægrar lengdar og þaðan til vesturstrandar Frakklands.“

Með því að Íslendingar hafa lýst yfir ævarandi hlutleysi sínu og vilja vera algerlega hlutlaus þjóð og hafa auk þess engan her né hernaðarútbúnað, og með því að hertaka Breta á Íslandi hinn 10. maí 1940 fór fram gegn ákveðnum mótmælum ríkisstjórnar Íslands, verður að telja yfirlýsingu Þjóðverja um það, að Ísland sé ófriðarsvæði og að siglingar Íslendinga séu undir hafnbanni af Þjóðverja hálfu, tilefnislaust ranglæti gegn íslenzku þjóðinni. Auk þess var íslenzka ríkið smánað í hafnbannsyfirlýsingu Þjóðverja, með því að kalla Ísland „hina dönsku eyju“, en slík ummæli þýzku stjórnarinnar, sem hefur látið hertaka sambandsþjóð Íslands, Danmörku, geta tæplega stafað af vanþekkingu. Með skírskotun til ofanritaðs þykir nauðsyn til hera, að öllu ranglæti gagnvart Íslandi og smánaryrðum um þjóðréttarstöðu landsins sé kröftuglega mótmælt af ríkisstjórn Íslands, í umboði Alþingis og íslenzku þjóðarinnar. En með því að telja má líklegt, að þýzka stjórnin birti eigi mótmæli Íslendinga eða jafnvel svari þeim ekki, þykir óhjákvæmilegt að birta mótmælin á annan þann hátt, sem fært er, í þeim tilgangi, að þau berist sem víðast um heiminn. Þykir því sjálfsagt að birta mótmælin í útvarpi og blöðum hér á landi og vinna að því, að erlent útvarp og blöð birti þau einnig.

Nánar í framsögu.